

MJÓLKÁRVIRKJUN – BREYTING Á DEILISKIPULAGI

MINNISBLAÐ – UNNIÐ FYRIR ORKUBÚ VESTFJARÐA

VERKNÚMER: 85043023

DAGS.: 20. ágúst 2024

HÖFUNDUR/RÝNIR: GPEy/EBK

DREIFING: OV og Ísafjarðarbær

Umsagnir og athugasemdir um auglýsta tillögu að deiliskipulagsbreytingu ásamt tillögu að viðbrögðum

1 Kynning

Tilfni deiliskipulagsbreytingarinnar er fyrirhuguð stækkun Mjólkárvirkjunar og áform Orkubús Vestfjarða um afhendingu á endurnýjanlegu eldsneyti við Mjólkárvirkjun og nýjar byggingar í tengslum við starfsemi svæðisins.

Samhliða deiliskipulagsbreytingunni er unnin breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem m.a. fjallar um þá þætti sem eru til umfjöllunar í deiliskipulaginu. Vinnslutillaga aðalskipulagsbreytingarinnar var kynnt á sama tíma og vinnslutillaga deiliskipulagsbreytingarinnar. Skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingarinnar var kynnt frá 30. janúar til 22. febrúar 2023 og send umsagnaraðilum til umsagnar.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 2. nóvember 2023 að kynna vinnslutillögu deiliskipulagsbreytingarinnar. Tillagan var kynnt á vefsíðu Ísafjarðarbæjar og fleiri miðlum frá 14. nóvember og til 12. desember 2023. Þann 22. nóvember var opið hús hjá Ísafjarðarbæ vegna skipulagsbreytingarinnar. Engar athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímabilinu. Umsagnir bárust frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Landsneti, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða og Skógræktinni.

Tekið hefur verið mið af þeim umsögnum og athugasemdum sem bárust vegna skipulagslýsingarinnar og vinnslutillögunnar við deiliskipulagsgerðina.

Þann 13. febrúar 2024 samþykkti bæjarstjórn að auglýsa deiliskipulagsbreytinguna í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Opið var fyrir athugasemdir til 7. maí 2024. Umsagnir og athugasemdir í skipulagsferlinu eru aðgengilegar í gegnum Skipulagsgáttina (skipulagsgatt.is).



2 Umsagnir, athugasemdir og tillaga að viðbrögðum

Alls bárust 5 umsagnir á auglýsingartímanum.

Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
16.4. 2024	Vegagerðin	Vegagerðin hefur yfirfarið breytingartillögu að deiliskipulagi, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti.
2.5. 2024	Landsnet	Eins og fram kemur á mynd 1 í skipulagstillögu má sjá að fyrirhugaðar framkvæmdir við Hólmavatn og Tangavatn eru fjarri línumannvirkjum Landsnets. Að þessum svæðum liggja hins vegar slóðir undir línurnar að þessum svæðum. Því leggur Landsnet áherslu á að allar verklegar framkvæmdir í nágrenni háspennulína verði í fullu samráði við fyrirtækið. Sérstaka aðgát skal hafa við vinnu nærri eða undir spennuhafa háspennulína og virða skal öryggisfjarlægðir. Tryggja þarf persónuöryggi á framkvæmdatíma, sem og að framkvæmdin ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns. Landsnet bendir á að ekki má hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggja heimild frá fyrirtækinu. Upplýsa skal Landsnet ef vinna er fyrirhuguð nærri spennuhafa háspennulína og hugsanlegt er að Landsnet skipi spennuvörð á verkstað á meðan á framkvæmdum stendur. Gera þarf stjórnstöð Landsnets viðvart í síma 563 9401 áður en vinna hefst nærri háspennulínum fyrirtækisins.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti. Á síðari stigum verður haft samráð við Landsnet vegna framkvæmda nærri háspennulínum fyrirtækisins.
6.5. 2024	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	Heilbrigðiseftirlit gerir ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti.
10.5. 2024	Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar er búið að fara nokkuð víða til vatnsöflunar fyrir Mjólkárirkjun og telur Umhverfisstofnun jákvætt að nýta betur vatn á svæðum sem þegar eru nýtt í stað þess að sækja inn á ný svæði. Umhverfisstofnun vill koma eftirfarandi á framfæri.	Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti.



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
10.5. 2024	Umhverfisstofnun	<p>Valkostir</p> <p>Í greinargerð kemur fram að leggja eigi pípurnar í jörðu. Umhverfisstofnun bendir á að vegna aðstæðna á svæðinu ætti að leggja áherslu á að skoða nánar að hafa lagnirnar á yfirborði þannig að um afturkræfar aðgerðir verði að ræða. Nú liggja aðrennslispípur á yfirborði að Mjólkárviðvirkjun og þótt hér sé um viss neikvæð sjónræn áhrif að ræða eru þau áhrif hverfandi miðað við rask sem fylgja mundi aðgerðum við að koma þessum lögnum í jörð. Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að þeir tveir valkostir, annars vegar að leggja pípurnar í jörðu og að hafa þær á yfirborði séu skoðaðir nánar.</p>	<p>Valkostir</p> <p>Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti.</p> <p>Tekin var ákvörðun um að hafa pípuna niðurgrafna eins og fjallað er um í töflu 5 í umhverfismati skipulagsins. Í umhverfismatinu voru skoðaðir og bornir saman kostir og gallar þess að hafa þrýstipípu annars vegar niðurgrafna og hins vegar ofanjarðar. Niðurgráfin pípa verður ekki sýnileg og með góðum frágangi á yfirborði, sem er lítt gróið, verða ummerki framkvæmdar óveruleg. Þrýstipípa á yfirborði verður sýnileg og kallar á steypdar undirstöður og vegagerð sem veldur töluverði raski. Nefna má að margar nýrri virkjanir á Vestfjörðum eru með niðurgrafna þrýstipípu, svo sem Kaldárvirkjun og Þverárvirkjun sem og nýlega endurnýjuð pípa við Fossárvirkjun. Þessi pípustæði eru sýnileg frá þjóðvegi.</p>
10.5. 2024	Umhverfisstofnun	<p>Vatnamál</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á að leiðrétta þarf umfjöllun um vatnshlotin Mjólka (101-426-R) og Langavatn/Hólmavatn (101-754-L) hvað varðar umhverfismarkmið vatnshlotanna og ástandsmat. Vatnshlotin tvö hafa ekki verið flokkuð sem mikið breytt og manngerð heldur eru þau á bráðabirgðalista yfir vatnshlot sem eru hugsanlega í þeim flokki. Í skýrslu³ Hafrannsóknastofnunar, Veðurstofu Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands eru Mjólka og Langavatn/Hólmavatn talin líkleg til að ná ekki a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og eru þar sett á bráðabirgðalista yfir hugsanlega mikið breytt vatnshlot.</p> <p>Tilnefningu þessara vatnshlota er hins vegar ekki lokið þar sem eftir er að klára greiningarferlið í samræmi við aðferðafræði leiðbeiningarskjala vatnatilskipunar. Uns þeirri vinnu er lokið þá flokkast vatnshlotin sem náttúruleg vatnshlot. Hvorki</p>	<p>Vatnamál</p> <p>Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti.</p> <p>Skipulagsstofnun ákvarðaði þann 29. maí að stækkun Mjólkárviðvirkjunar sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn UST um matsskyldufyrirspurn OV var m.a. fjallað um vatnamál. Umsögn UST var að mestu samhljóða umsögn stofnunarinnar við deiliskipulagsbreytingu þessa. Viðbrögð OV við umsögn Umhverfisstofnunar um matsskyldufyrirspurnina voru eftirfarandi:</p> <p>Hlutverk Umhverfisstofnunar er að meta og ákveða hvort vatnshlot telst manngert eða mikið breytt, sem byggir á gögnum og þekkingu sérfræðinga fagstofnana. Fyrir liggur tillaga um að Langavatn/Hólmavatn og Mjólka séu mikið breytt vatnshlot.¹ Í því felst að sérfræðingar meti það svo að ólíklegt sé að vatnshlotin nái a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi. Í framhaldinu þarf Umhverfisstofnun að tilnefna formlega vatnshlotin sem mikið breytt</p>

¹ Eydis Salome Eiríksdóttir, Svava Björk Þorláksdóttir, & Þóra Katrín Hrafnadóttir. (2023). Vatnshlot á virkjanasvæðum. Bráðabirgðatilnefning á mikið breyttum vatnshlotum. Sótt þann 12.4.2024 á https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hv2024_05.pdf



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
	Umhverfisstofnun framhald	<p>Langavatn/Hólmavatn né Tangavatn (óskilgreint vatnshlot) hafa verið skilgreind sem uppistöðulón.</p> <p>Umhverfisstofnun vill benda á að jafnvel þó svo að Tangavatn sé ekki afmarkað sem vatnshlot þá gilda lög um stjórn vatnamála um allt yfirborðsvatn og gera þarf grein fyrir þeim breytingum sem verða í stöðuvatninu. Umhverfismarkmið vatnshlotanna Mjólka (vatnshlot 101-426-R) og Langavatn/Hólmavatn (101-754-L) er að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og eru vatnshlotin óflokkuð m.t.t. ástands vegna þess álags sem skráð er á þau skv. vatnavefsja stjórnar vatnamála.</p> <p>Þær breytingar sem fyrirhugaðar eru í tengslum við framkvæmdina hafa áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti vatnshlotanna, en vatnsformfræðilegt álag getur valdið breytingum á líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum sem eru notaðir til grundvallar ástandsflokkunar vatnshlota.</p> <p>Áður en framkvæmdaleyfi og virkjunarleyfi eru veitt þarf framkvæmdaraðili að gera mat á þeim áhrifum sem verða á vatnshlot tengdum framkvæmdinni (sem og Tangavatn) sem leyfisveitendur taka svo afstöðu til við leyfisveitingu. Í slíku áhrifamati þarf að fjalla um eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none">• Tilganginn með áhrifamatinu þ.e. að það sé unnið til að meta áhrif framkvæmdar á umhverfismarkmið vatnshlotanna og hvort hætta sé á að ástand þeirra rýni miðað við núverandi stöðu.• Vatnshlotin sem um ræðir, ástand þeirra, álag, umhverfismarkmið og fleira ef þarf.• Bein og óbein áhrif framkvæmdanna á vatnshlot.• Viðeigandi gæðapætti í vatnshlotunum sem notaðir eru til ástandsflokkunar og hvernig framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðapætti. Sjá vatnaáætlun.⁴• Áhrif vegna fyrirhugaðra framkvæmda á vatnsformfræðilega gæðapætti og áhrif þeirra á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti.• Hugsanlegar mótvægisáðgerðir sem koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef áhrifamatið leiðir í ljós að framkvæmdin eins og henni er lýst er líkleg til að valda því að umhverfismarkmið vatnshlotanna nást ekki).• Gera þarf áætlun um að staðfesta vistfræðilegt ástand áður en framkvæmdir hefjast. Matið þarf að byggja á þeim gæðapáttum sem notaðir eru til ástandsflokkunar. <p>Meta þarf hvaða gæðapættir eru líklegir til að verða fyrir áhrifum umfram aðra, t.d. áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti. Ef</p>	<p>og manngerð vatnshlot. Eftirfarandi lýsing á framangreindum vatnshlotum byggir á rökstuðningi sérfræðinga með áðurnefndri tillögu.</p> <p>Langavatn/Hólmavatn (101-754-L):</p> <p>Við virkjanaframkvæmdir í Mjólka voru Langavatn og Hólmavatn tengd saman með skurði og saman mynda þau inntaks- og miðlunarlón fyrir Mjólkárirkjun. Vatnshlotið er því talsvert breytt frá sínu upprunalega ástandi. Við gerð stíflu og yfirfalls í upprunalegu útfalli Langavatns hækkaði vatnsborðið og vatnið stækkaði verulega auk þess sem það tengdist Hólmavatni um veituskurð.</p> <p>Vatnsformfræði vatnanna er nokkuð mikið breytt því vatnsborðssveiflur eru allt að 8 metrar vegna raforkuframleiðslu virkjunarinnar. Fjörusvæði fara því reglulega á þurrt vegna breytinga á vatnsborði. Þessar vatnsformfræðilegu breytingar skapa því álag á lífríki fjörusvæða með neikvæðum áhrifum á líffræðilega gæðapætti vatnshlotsins. Því er það álit sérfræðinga að ólíklegt sé að vatnshlotið nái a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og mat fagstofnana að vatnshlotið uppfylli skilyrði til bráðabirgðatilnefningar sem mikið breytt vatnshlot. Tangavatn er ekki skilgreint vatnshlot, en hefur verið undir sömu áhrifum Mjólkárirkjunar og Langavatn og Hólmavatn.</p> <p>Mjólka (101-426-R):</p> <p>Mjólka rennur úr Langavatni af Glámu niður í Borgarfjörð í Arnarfirði. Meginhluta vatnsins er safnað í miðlunarlón (Langavatn/Hólmavatn) og leitt í gegnum Mjólkárirkjun. Því er rennsli árinna mikið skert frá því sem áður var og stór hluti árfarvegarins er nánast þurr mestan hluta ársins. Auk þess er vatni úr minni lækjum á vatnasviði Mjólkar veitt til árinna svo nýta megi sem mest vatn til raforkuframleiðslunnar. Miklar vatnsveitingar á milli farvega hafa leitt til þess að í einstökum farvegum er jafnvel ekkert rennsli, nema þegar snjóbráð er á vatnasviðinu. Því er það álit sérfræðinga að ekki sé líklegt að vatnshlot sem þornar að stórum hluta upp geti náð góðu vistfræðilegu ástandi og mat fagstofnana að</p>



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
	Umhverfisstofnun framhald	áhrifamatið sýnir að framkvæmdin hefur þau áhrif á gæðabættina að umhverfismarkmið vatnshlotsins um ástand nást ekki er ekki leyfilegt að heimila framkvæmdina. Umhverfisstofnun getur skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála heimilað breytingu á vatnshloti sem hefur í för með sér að ekki er hægt að ná fram umhverfismarkmiðum að uppfylltum skilyrðum ákvæðisins.	vatnshlotið uppfylli skilyrði til bráðabirgðatilnefningar sem mikið breytt vatnshlot. Með því að skilgreina vatnshlot sem manngert eða mikið breytt tilheyra þau ekki lengur hinum almenna flokki vatnshlota og umhverfismarkmið eru önnur en fyrir það náttúrulega vatnshlot sem upphaflega var til staðar. Í tilfalli mikið breyttra vatnshlota er ekki miðað við vistfræðilegt ástand heldur svokallað vistmegin. ² Mótvægisáðgerðir vegna áhrifa Mjólkárviðkjunar: Hér er gengið út frá því að Umhverfisstofnun ákveði, í samræmi við álit sérfræðinga, að vatnshlot sem Mjólkárviðkjun nýtir séu mikið breytt. Vatnshlot sem eru mikið breytt skulu að lágmarki uppfylla „gott vistmegin“. Vinna við að skilgreina aðferðir til að ákvarða vistmegin mikið breyttra vatnshlota stendur nú yfir, ³ en ekki liggur fyrir hvenær þeirri vinnu lýkur. Meðan ekki eru forsendur til að meta vistmegin vatnshlota sem Mjólkárviðkjun hefur áhrif á er ekki raunhæft að leggja til mótvægisáðgerðir til að milda þau áhrif.
10.5. 2024	Umhverfisstofnun	<i>Sérstök vernd náttúruverndarlaga</i> Í greinargerð kemur fram að vötnin á svæðinu njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis	<i>Sérstök vernd náttúruverndarlaga</i> Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti. Stækkun Mjólkárviðkjunar mun leiða til aukinnar raforkuframleiðslu og betri nýtingar á vatnsorku vatnasviðs Mjólkár. Með framkvæmdum eykst áreiðanleiki orkuafhendingar á Vestfjörðum og þörfin fyrir varaafli, knúði jarðefnaeldsneyti mun minnka. Búast má við að Orkubú Vestfjarða muni brenna um 3,4 milljónum lítra af olíu á árinu 2024 vegna orkuskorts. Verði þetta raunin mun losun gróðurhúsalofttegunda verða ríflega 9.000 tonn á árinu. Ljóst er því

² Katrín Sóley Bjarnadóttir, Eydís S. Eiríksdóttir, Gerður Stefánsdóttir, Kristján Geirsson, & Sunna B. Ragnarsdóttir. (2020). Fyrstu skref við mat á manngertum og mikið breyttum vatnshlotum. Vatnsformfræðilegar breytingar á straum- og stöðuvötnum á virkjanasvæðum. Sótt þann 12.4.2024 á http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/Mannger%C3%B0%20og%20miki%C3%B0%20breytt%20vatnshlot_LOKASK%C3%BDrsla_28.8.2020.pdf

³ Eydís Salome Eiríksdóttir og Fjóla Rut Svavarsdóttir (2024). Mótvægisáðgerðir sem milda áhrif vatnsaflsvirkjana á ferskvatns-vistkerfi. Hafnarfjörður: Hafrannsóknastofnun, HV 2024-05. Sótt þann 12.4.2024 á https://www.hafogvatn.is/static/research/files/hv2024_05.pdf



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
	Umhverfisstofnun framhald	<p>mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.</p> <p>Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á vötnunum. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á þeim.</p>	<p>að það eru brýnir hagsmunir í húfi. Fyrirhuguðum framkvæmdum fylgja óveruleg áhrif, enda hefur skipulagssvæðinu þegar verið raskað vegna virkjunarinnar, sem gangsett var árið 1958.</p> <p>Í kafla 2.3 í aðalskipulagsgreinargerðinni segir:</p> <p>Stækkun Mjólkárveikjunnar mun leiða til aukinnar raforkuframleiðslu og betri nýtingar á vatnsorku vatnasviðs Mjólkár. Þar með eykst einnig áreiðanleiki orkuafhendingar á Vestfjörðum, sem er einn sá minnsti í samanburði við aðra afhendingarstaði landsins.⁴ Jafnframt mun þörfin fyrir varaafli, knúið jarðefnaeldsneyti, minnka.</p> <p>Í niðurstöðum umhverfismats í kafla 3.5. segir:</p> <p>Með hækkun stíflu við Tangavatn og nýrri veikju á milli Tangavatns og Hólmavatns næst betri nýting á veikjunnarsvæðinu með tilheyrandi aukningu á raforkuframleiðslu. Breytingin, þó hún sé lítil hlutfallslega, styður við markmið stjórnvalda og sveitarfélaga um eflingu atvinnulífs og byggðar á Vestfjörðum. Raforkuframleiðsla með endurnýjanlegum orkugjafa hefur jákvæð áhrif m.t.t. loftslagsbreytinga. Aukin raforkuframleiðsla er brýn fyrir samfélagið og mun draga úr brennslu jarðefnaeldsneytis á vegum Orkubús Vestfjarða. Framkvæmdasvæðið tilheyrir þeirri landslagsheild sem þegar hefur verið raskað. Hafa verður í huga að gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir Mjólkárveikju og mögulegri stækkun hennar. Á umræddu framkvæmdasvæði er nú þegar uppistöðulón og tilheyrandi stífla ásamt vegum og fleiri mannvirkjum. Breytingarnar munu ekki skerða víðerni. Áhrif á vatnafar og lífríki verða ekki mikil. Stækkun virkjunarinnar hefur ekki mikil áhrif á ástand vatns skv. þeirri aðferðafræði sem lýst er í vatnaáætlun Íslands 2022-2027. Neikvæð áhrif stækkunar virkjunarinnar verða í heild óveruleg.</p>

⁴ Landsnet, 2020



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
8.5. 2024	Náttúrufræðistofnun Íslands	<p>Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirhugaðar skipulagsbreytingar Mjólkárviðhafnar og ekki er séð að miklar breytingar hafa verið gerðar á fyrri vinnslutillögu deiliskipulagsins sem stofnunin skilaði inn umsögn um 12. desember 2023. Helst er að nefna að bætt hefur verið við markmið skipulagsins um að lágmarka rask vegna skipulagsbreytinga sem er mjög jákvætt þó ekki komi beint fram hvernig að því verði staðið fyrir utan texta um að lágmarka neikvæð umhverfis- eða ásynðaráhrif. Þá kemur fram að efnistaka miðast við bergnám en ekki laus jarðlög.</p> <p>Náttúrufræðistofnun telur að þær ábendingar sem komu fram í eldri umsögn stofnunarinnar standi enn fyrir sínu og er þar helst að nefna skortur á frekari náttúrufræðisráðgjöf og verndun víðerna í nálægð virkjunarsvæðisins.</p> <p>Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir, en vísar í eldri umsögn stofnunarinnar um tillögur að breytingum deiliskipulags vegna stækkunar Mjólkárviðhafnar.</p>	<p>Engin breyting gerð á greinargerð eða uppdrætti.</p> <p>Aftar í þessari töflu er umsögn Náttúrufræðistofnunar um vinnslutillögu deiliskipulagsins birt ásamt þeim breytingum sem gerðar voru á skipulagstillögunni.</p> <p>Í heildina verða áhrif skipulagsbreytingarinnar jákvæð en neikvæð áhrif verða óveruleg samkvæmt niðurstöðu umhverfismats. Aukning í raforkuframleiðslu verður ekki mikil en á móti kemur að rask verður óverulegt, þar sem svæðið er þegar raskað vegna fyrri framkvæmda. Í skipulagsgreinargerð segir:</p> <p>Mjólkárviðhafnar hefur verið starfrækt frá 1958 og um hana hefur verið sátt. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru þær raunhæfustu til stækkunar virkjunarinnar, að teknu tilliti til umhverfis, fjárhagslegra- og tæknilegra þátta. Stækkun virkjunarinnar mun ójákvæmilega hafa neikvæð áhrif, eins fram kemur í skipulagsbreytingunni en hins vegar ber að hafa í huga að virkjunin er gömul og mikil verðmæti eru fólgin í þeim mannvirkjum sem eru til staðar og þeirri raforkuframleiðslu sem þar fer fram. Með stækkun virkjunarinnar næst betri nýting þeirra mannvirkja sem þegar hafa verið byggð.</p>
	Náttúrufræðistofnun Íslands Vinnslutillaga	<p><i>Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um <u>vinnslutillögu deiliskipulagsbreytingarinnar (12. desember 2023)</u>.</i></p> <p>Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að frekar sé hugað að stækkun vatnsaflsvirkjana sem fyrir eru frekar en að skipuleggja nýjar virkjanir. Þannig má beina umhverfisáhrifum að svæðum sem þegar eru röskuð og hlífa frekar ósnortinni náttúru sem í tilfalli hálendis Vestfjarða eru einkum óbyggð víðerni, vatnafar straum- og stöðuvatna, hálendisvötn og lífríki þeirra, og landslagsheildir. Svæðið sem skipulagsbreytingar ná til er raskað að hluta, s.s. vegslóði, skurður og stíflugarður við Tangavatn, en ljóst er að rask verður umfangsmeira og sýnilegra með stækkun virkjunarinnar. Má þar nefna að stíflugarður lengist um rúman helming, fer úr 160 m í 330 m, flatarmál Tangavatns stækkar um 0,05 km² og vatnsborð hækkar um 3 m. Miðlunarrýmd fer úr 1,45 Gl í 2,60 Gl.</p>	<p><i>Viðbrögð OV við umsögn Náttúrufræðistofnunar um <u>vinnslutillögunu</u>. Breytingarnar voru færðar inn í skipulagstillögu fyrir auglýsingu.</i></p> <p>Í deiliskipulagstillögunni er gerð grein fyrir magni af jarðefnum fyrir mismunandi framkvæmdaþætti (Tafla 1). Bætt var við upplýsingum um flatarmál fyrirhugaðs efnistökusvæðis (Tafla 1). Framkvæmdaaðili þekkir vel til svæðisins og jarðefnin henta í framkvæmdirnar.</p> <p>Fyrirhugaðar framkvæmdir munu ekki skerða víðerni. Bætt var við nánari umfjöllun um víðerni (Kafli 2.2. og tafla 5).</p> <p>Bætt var við upplýsingum um gróður á framkvæmdasvæðinu (Kafli 2.2 og Tafla 5). Tangavatn var stíflað árið 1975 og vatnsborðshækkun</p>



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
	Náttúrufræðistofnun Íslands Vinnslutillaga framhald	<p>Veituskurðir neðan Tangavatnsstíflu verða samtals 220 m á lengd. Þrýstipípur verða niðurgrafnar til að draga úr ásýndaráhrifum en ummerki þeirra verða ávallt sýnileg vegna rasks á yfirborði. Nýtt stöðvarhús mun rísa við Hólmavatn og nýr uppbyggður vegur verður lagður að stöðvarhúsinu, um 800 m langur og 4 m breiður.</p> <p>Opinber jarðfræðikort eru ekki til af svæðinu og þá sérstaklega vantar jarðgrunnskort sem sýnir laus jarðefni. Í vinnslutillögu kemur fram að heimilt verður að taka allt að 15.000 m³ af efni vegna framkvæmdanna. Gert er ráð fyrir allt að 11.000 m³ efnistöku vegna stíflu, um 1.500 m³ í vegagerð og 1.200 m³ vegna pípu. Áætlað er að um 1.500-3.000 m³ af efni fái úr skeringum við vegagerð og úr skurðum vegna þrýstipípu og þá er ráðgert að taka efni úr lónstæðinu. Náttúrufræðistofnun bendir á að óljóst er hvort sú efnistaka sem er tilgreind er í vinnslutillögu sé nægileg fyrir uppbyggingu stíflugarðs ásamt öðrum framkvæmdum og telur að gera þurfi betur grein fyrir efnistökusvæðum. Af loftmyndum að dæma (sjá mynd hér fyrir neðan) er ekki að sjá að mikið magn sé af lausum jarðefnum innan svæðisins og magn jarðefna í lónstæði Tangavatns eru óviss stærð.</p> <p>Eins og fram kemur í vinnslutillögu njóta stöðuvötn stærri en 1.000 m² að flatarmáli eða stærri, sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd og á það við um skipulagssvæðið. Svæðið er hverfisverndað. Í næsta nágrenni eru friðlýstu svæðin Dynjandi og Vatnsfjörður. Þá fellur Glámusvæðið undir skilgreiningu um óbyggð víðerni sem náttúruverndarlög kveða á um að „standa vörð um“. Í byrjun árs 2021 tók Náttúrufræðistofnun saman mat á verndargildi svæðisins vegna áforma um friðlýsingu þjóðgarðs á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar var bent á nauðsyn þess að óbyggð víðerni Glámu væru öll innan marka þjóðgarðsins.</p> <p>Náttúrufræðistofnun bendir á að aðgengilegar náttúrufræðisránnsóknir á svæðinu eru ekki margar. Almenn</p>	<p>mun hafa óveruleg áhrif á það takmarkaða vatnalíf sem fyrirfinnst í vatninu (nánar í umhverfismati í kafla 3).</p> <p>Í auglýstri deiliskipulagstillögu segir (Tafla 5): Eins og fram kom í kafla 2.3. liggur fyrir tillaga um tilnefningu á mikið breyttum vatnshlotum á Íslandi. Þar kemur fram álit fagstofnana um að Vatnshlotin Hólmavatn og Langavatn og Mjólka eru talin uppfylla skilyrði til bráðabirgðatilnefningar sem mikið breytt vatnshlot. Ólíklegt er talið að vatnshlotin nái a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi vegna breytinga sem orðið hafa með tilkomu Mjólkárveikjunnar, m.a. byggingu stíflu við Tangavatn árið 1974.</p> <p>Tangavatn er ekki skilgreint í vatnaáætlun sem sérstakt vatnshlot, en hefur verið undir sömu áhrifum Mjólkárveikjunnar og Hólmavatn og Langavatn.</p> <p>Að teknu tilliti til núverandi nýtingar svæðisins og fyrirliggjandi gagna um náttúrufar (tilvísanir hér að framan) er stækkun virkjunarinnar líkleg til að hafa lítil áhrif á ástand vatns skv. þeim viðmiðum sem sett eru fram í Vatnaáætlun Íslands 2022-2027.</p> <p>Bætt var við umfjöllun um möguleg áhrif á nærliggjandi friðlýst svæði (Tafla 5). Skipulagsbreytingin mun ekki hafa áhrif á friðlýst svæði.</p> <p>Skipulagið heimilar 0,5 MW stækkun virkjunar. Leyfilegt heildarmagn af framleiddri orku Mjólkárveikjunnar breytist ekki.</p> <p>Sjá fyrri bls.</p>



Dags.	Umsagnaraðili	Athugasemd	Tillaga að viðbrögðum
	Náttúrufræðistofnun Íslands Vinnslutillaga framhald	<p>jarðfræði svæðisins er lítt þekkt og kortlagningu skortir á berggrunni og jarðgrunni. Lífríki stöðuvatna og straumvatna innan skipulagssvæðisins þarf að kanna betur og gera grein fyrir áhrifum virkjunarframkvæmda á þau. Þá hefur Glámusvæðið áhugaverða jöklunarsögu, m.a. fyrir að vera eitt af þeim svæðum landsins þar sem jökull hefur horfið á síðustu áratugum. Óbyggð víðerni mun skerðast enn frekar vegna aukins sýnileika og rask á yfirborði t.d. vegna stöðvarhúss og uppbyggðra vega. Ekki er gerð grein fyrir mögulegum áhrifum á nærliggjandi friðlýst svæði vegna framkvæmda. Út frá ofangreindu er ljóst að þörf er á frekari náttúrufarsrannsóknum innan skipulagssvæðisins þannig að vitað sé hver raunveruleg áhrif stækkunar Mjólkárvirkjunar verður á náttúrufar og óbyggð víðerni svæðisins.</p> <p>Náttúrufræðistofnun telur að stækkun virkjunar um 0,5 MW (ósamræmi er í tölum þar sem stundum er talað um 0,4 MW stækkun) sé lítill ávinningur í raforkuframleiðslu miðað við óafturkræft rask á lítt könnuðu náttúrufari, sérstaklega er varðar jarðminjar og lífríki stöðuvatna, ásamt skerðingu á óbyggðum víðernum sem virkjunarframkvæmdin mun óhjákvæmilega valda.</p>	